

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og frumvarp til laga um veiðigjald.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendi Arion banka hf. til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657. mál, og frumvarp til laga um veiðigjöld, 658. mál, með tölvupósti dags. 29. mars sl. Álit þetta greinist í athugasemdir við hvort frumvarp um sig auk þess sem varpað er ljósi á áætluð áhrif frumvarpanna á rekstur bankans.

I. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Arion banki gerir athugasemdir við ákveðna hluta frumvarpsins. Bankinn metur það svo að ákveðnir liðir þess séu til þess fallnir að draga úr möguleikum útgerða til hagræðingar og arðsemi af veiðum og vinnslu. Þá er fyrirsjáanlegt að til framtíðar muni þróunin verða sú að hlutur sá sem kemur til úthlutunar skv. aflahlutdeild muni kerfisbundið minnka og hlutur sá sem kemur til úthlutunar skv. sérstökum leigupottum og sérákvæðum sem verða á forræði ráðherra muni aukast til muna. Ljóst er að við slíkt fyrirkomulag verður að gera miklar kröfur til fyrirsjáanleika þeirra sjónarmiða og viðmiða sem heimilt og eðlilegt yrði að líta til við slíka ráðstöfun, sem og til allrar málsmeðferðar stjórnsýslunnar.

Nýtingarsamningar

Það er mat bankans að nýtingarsamningar séu til of skamms tíma, ef tekið er mið af þeim lánstíma sem almennt er í boði við fjármögnun fyrirtækja í sjávarútvegi og afskriftartíma skipa. Óvissa ríkir um framtíðarrekstrarskilyrði til lengri tíma litið að loknu fimm ára tímabili frá því að nýtingarsamningar eru gerðir við upphaf fiskveiðiársins 2012/2013, þar sem einungis er gert ráð fyrir að þeir endurnýist til eins árs í senn og gildi þá til 15 ára. Bankinn telur eðlilegt að miða við lengri nýtingarsamninga m.t.t. afskrifta fastafjármuna og möguleika fyrirtækja til að fjármagna sig til langs tíma. Þá vakna upp spurningar um hvort stuttur nýtingartími sé til þess fallinn að hámarka arðsemi af nýtingu einstaka fiskistofna. Stuttur nýtingartími getur leitt af sér minni hvata fyrir sjávarútvegsfélög til að ganga sem hagkvæmast um auðlindina og að skammtímasjónarmið ráði meiru.



Framsal

Í frumvarpinu er að finna verulegar takmarkanir á framsali aflaheimilda, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að gangi skip og/eða aflahlutdeild kaupum og sölum, fyrirtæki sameinist eða séu yfirtekin, skuli aflahlutdeild skipsins skerðast um 3% og skuli sú skerðing ráðstafast í flokk 2. Þar er einnig kveðið á um hámark á framsali af einstaka tegund á skipi, og að framsal falli að öllu leyti niður eftir árið 2032, eða að 20 árum liðnum frá gerð nýtingarsamninga. Ef ákvæði um 3% skerðingu gengur eftir og eftir því sem tíminn líður og skip ganga kaupum og sölum mun aflahlutdeild skerðast jafnt og þétt og meirihluti ráðstafast í flokk 2.

Framsal aflaheimilda hefur gert fyrirtækjum í sjávarútvegi kleift að auka hagkvæmni veiða á einstaka tegundum og hámarka virði af veiðum og vinnslu. Fyrirtæki hafa til að mynda getað leigt frá sér aflamark ef magn af einstaka fisktegund er lítið og það svarar ekki kostnaði að sækja sérstaklega. Að sama skapi hafa fyrirtæki getað leigt til sín auknar heimildir þegar meðafli einstaka tegunda er mikill. Þá hafa útgerðir haft svigrúm til að sérhæfa sig í veiðum á einstaka tegundum eins og flatfiski með því að leigja til sín aflamark.

Tímabundinn aflabrestur eða skerðing á heildaraflamarki í einstaka tegund gerir það að verkum að nauðsynlegt getur reynst að framsal verði virkt þannig að t.d. verði hægt að sækja þann afla sem heimilt er að veiða á færri skipum með minni tilkostnaði. Þetta getur verið breytilegt á milli ára og eftir einstaka tegundum.

Full takmörkun á framsali eftir árið 2032 mun hamla frekari hagræðingu í greininni og hugsanlega verða til þess að margir aðilar sem starfa í sjávarútvegi gætu séð sér hag í að selja sig út úr greininni meðan það er hægt. Slíkt gæti leitt til frekari byggðaröskunar og óhagræðis. Með öðrum orðum þá mun algjör takmörkun á framsali að 20 árum liðnum mögulega rýra verðmæti veiðiheimilda.

Bankinn metur það ennfremur svo að eins viðamikil takmörkun á framsali aflahlutdeildar sem birtist í 12. gr. sé til þess fallin að ýta undir óhagkvæmar veiðar og vinnslu, sem gæti hugsanlega leitt af sér aukna sóun, brottkast á afla og verri umgengni við auðlindina.

Þá er gert ráð fyrir að skv. 15. gr. verði ekki heimilt að leigja nema 5% af aflamarki hvers skips sem aftur hamlar því að útgerð nái hámarksnýtingu og arðsemi af veiðum og í einhverjum tilfellum mun ekki borga sig fyrir útgerðir að sækja afla, sérstaklega þar sem aflamark einstaka tegunda er lítið. Nærtækt dæmi eru aflaheimildir í Barentshafi þar sem framsal á aflamarki hefur verið forsenda fyrir því að það borgi sig að sækja þann takmarkaða afla sem heimilt er að veiða. Það sama á við um ýmsar aðrar tegundir sem finnast í litlu magni.



Vannýtt aflahlutdeild

Bankinn metur ákvæði 30. gr. frumvarpsins takmarkandi þar sem gert er ráð fyrir að vannýtt aflamark á viðkomandi fiskveiðíári falli niður og ráðstafist í flokk 2 skv. ákvörðun ráðherra. Það er álit bankans að fyrirkomulagið gefi lítið svigrúm til aðlögunar, t.d. þegar stofn einstaka tegunda er í lágmarki og/eða aflabrestur verður. Bent er á að aflamark ýmissa tegunda er mjög lítið og ákveðinn sveigjanleiki er nauðsynlegur til að veiðar og vinnsla séu stundaðar með hagkvæmni að leiðarljósi fremur en annað.

Inngrip ráðherra

Í 13. gr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að grípa inn í ef verulegar aflaheimildir eru seldar frá einstaka byggðarlagi og að ráðherra geti neytt forkaupsréttar. Þetta er vissulega tæki til mótvægis við byggðaröskun en getur ýtt undir að aðilar sem eru með óhagkvæmar rekstrareiningar og með óarðbæran rekstur starfi áfram í greininni án þess að fyrir því séu rekstrarlegar forsendur.

Aukning í aflamarki

Arion banki setur spurningamerki við 8. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að aukning í aflamarki komi til skipta í hlutföllunum 60/40 milli flokka 1 og 2. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að allt aflamark umfram 202.000 í þorski, 66.000 tonn í ýsu, 50.000 tonn í ufsa og 14.000 tonn í steinbít, verði ráðstafað að 40% hluta í flokk 2 og 60% til þeirra sem eru með aflahlutdeild í flokki 1. Á undanförunum árum hefur orðið veruleg skerðing á aflamarki að jafnaði og þeir sem starfað hafa í greininni hafa leitast við að aðlaga sig þessari skerðingu, með hagkvæmari veiðum og vinnslu, fækkun skipa og starfsfólks. Verði 8. gr. frumvarpsins að lögum munu þeir ekki njóta aukningar í aflaheimildum til fulls heldur mun stór hluti aukningar umfram ofangreint magn verða ráðstafað í leigupotta, byggðakvóta, línuvildun, strandveiðar o.fl. Bankinn telur að rökréttara væri að ráðstafa aukningunni í sömu hlutföllum og flokkur 1 og flokkur 2 verða, þannig að stærstur hluti aukningar fari í flokk 1 og að í flokk 2 fari hlutfallslega það sama og er fyrir, sér í lagi þar sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði að strax við gildistöku laganna fari aukalega um 4500 þorskígildistonn í flokk 2.

Kvótapiing og strandveiðar

Bankinn telur það almennt jákvætt að sett verði á stofn sérstakt kvótapiing, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Slíkt er almennt til þess fallið að stuðla að gagnsæjum viðskiptum og virkari verðmyndun á aflamarki. Þá telur bankinn það jákvætt að ákveðið hlutfall af tekjum vegna ráðstöfunar á aflamarki úr flokki 2, fari til markaðs og þróunarsjóðs, sbr. 19. gr. frumvarpsins, að fyrirmynd Norðmanna, enda muni það að öllum líkindum skila sér í betri ímynd og auknu verðmæti íslenskra sjávarafurða á alþjóðlegum mörkuðum.



Þá telur bankinn það jákvætt skref að takmarka aðild að strandveiðum þannig að hver einstakur lögaðili geti aðeins átt aðild að einu strandveiðileyfi enda tilgangur með sérstökum strandveiðileyfum augljóslega ekki annar en að styðja við einyrkjaútgerðir og að auka við atvinnu og afleidda starfsemi í hinum allra smæstu byggðarlögum.

Aukin gjaldtaka og hámarksaflahlutdeild

Í frumvarpi um veiðigjald er gert ráð fyrir verulegri skattlagningu á framlegð útgerðar og vinnslu eða allt að 70% af hagnaði fyrir fjármagnsliði og afskriftir. Ef leggja á umtalsverðar álögur á arðinn af sjávarauðlindinni í formi skattlagningar, mætti færa fyrir því rök að eðlilegt sé að leita allra leiða til að hámarka arðinn af auðlindinni, auka skilvirkni, tæknivæðingu, hagræðingu og ná fram aukinni stærðarhagkvæmni. Í 31. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir breytingum frá fyrri lögum um stjórn fiskveiða og í greininni er kveðið á um hámark aflahlutdeildar, yfirráð og tengda aðila.

Með það að markmiði að hámarka arð af veiðum og vinnslu sjávarafurða veltir bankinn upp þeirri spurningu í þessu samhengi hvort það sé rökrétt framhald að lyfta því hámarki sem 31. gr. frumvarpsins kveður á um og rýmka þannig svigrúm stærri fyrirtækja til að ná fram aukinni hagkvæmni af veiðum og vinnslu. Hækkun á hámarksaflahlutdeild gæti stuðlað að því að fyrirtæki eflist og stækki og nái fram aukinni stærðarhagkvæmni og nái þannig fram hámarksarðsemi af nýtingu á auðlindum sjávar.

II. Frumvarp til laga um veiðigjöld

Arion banki gerir einnig athugasemdir við frumvarp til laga um veiðigjöld og telur að það muni veikja stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi til muna og gera mörgum þeirra ókleift að standa við skuldbindingar sínar.

Bankinn gerir ráð fyrir að flest þau fyrirtæki í sjávarútvegi sem farið hafa í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu muni horfa fram á fjárhagslega erfiðleika nái frumvarpið fram að ganga. Þá gæti annars vegar komið til þess að fyrirtækið þurfi að nýju fjárhagslegrar endurskipulagningar við eða að bankinn þurfi að innleysa veð til lúkningar skulda. Þessi staða á aðallega við um lítil og meðalstór fyrirtæki sem mörg hver eru staðsett í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Bankinn gerir ráð fyrir að í flestum tilfellum muni stærri fyrirtæki geta staðið við skuldbindingar sínar þrátt fyrir verulega hækkun á veiðigjaldi, en að svigrúm til fjárfestinga muni skerðast verulega og takmarka möguleika fyrirtækja til vaxtar og þróunar. Fyrirtæki hafa mörg hver ekki haft fjárhagslegt svigrúm til fjárfestinga á þeim árum þegar gengi íslensku krónunnar var sterkt og þeim óhagstætt en eftir að gengið féll og rekstrarskilyrði þeirra urðu jákvæðari hafa þau flest einbeitt sér að því að greiða niður skuldir. Skuldastaða margra þeirra leyfir nú svigrúm til fjárfestinga. Ef hækkun veiðigjalds eins og það er kynnt í frumvarpinu mun ganga eftir munu



fyrirtæki ekki hafa mikið svigrúm til fjárfestinga sem mun bitna verst á þeim félögum sem eru með gamlan skipaflota og hafa ekki ráðist í endurnýjun hans á undanförunum árum.

Bankinn metur ákvæði 8. gr. frumvarpsins almennt jákvætt þar sem kveðið er á um að fyrstu 30 tonn hvers skips eða báts sé undanþegið veiðgjaldi og að einungis 50% veiðigjald reiknist á næstu 30-70 tonn hvers skips. Þetta getur þó ýtt undir að útgerðum sé viðhaldið sem reknar eru með óhagkvæmum hætti.

Nýi & gamli veiðigjaldstofninn

Ólíkt núverandi lögum og fyrra frumvarpi er nú lagt til að veiðigjaldið verði reiknað af „metinni auðlindarentu“, þ.e.a.s. EBITDA (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) að fráðreginni svokallaðri árgreiðslu.

Gjaldstofninn sem veiðigjaldið er reiknað af hefur fram að þessu verið EBITDA framlegð, án nokkurs frádráttar, en útreikningur á veiðigjaldinu hefur einmitt verið gagnrýndur fyrir að taka ekki tillit til annars kostnaðar svo sem vegna afskrifta og vaxta af fjármagni í rekstrinum. Árgreiðslan sem Hagstofan reiknar á að vera eins konar mat á hlutdeild fjármagnskostnaðar og verðmæti fastafjármuna í rekstrinum. EBITDA framlegð að fráðreginni árgreiðslunni er því í raun annar mælikvarði á hagnað, þ.e. reiknaður hagnaður samkvæmt Hagstofu Íslands.

Í nýja frumvarpinu er enn fremur lagt til að reiknaða árgreiðsluprósentan verði hækkuð úr 6% í 8% fyrir veiðar og 10% fyrir vinnslu. Þar með er reynt að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar voru við fyrra frumvarp, þ.e. að gjaldstofn veiðigjalds sé ekki lýsandi fyrir þá rentu sem skapast í sjávarútvegi. Hins vegar er hugmyndin um að rentan úr fiskvinnslunni sé einnig tekin með þegar auðlindagjaldið er reiknað út, nýtilkomin.


Út frá þessu er ljóst að nýi stofninn gefur skýrari mynd en sá gamli af þeirri rentu sem skapast í sjávarútvegi þar sem reynt er að leggja mat á kostnað vegna fastafjármuna og fjármagns í rekstrinum. M.ö.o. er gjaldstofninn nær raunverulegum hagnaði í sjávarútvegi. Í ljósi aukinnar gjaldtöku í sjávarútvegi sem lagt er upp með í frumvarpinu telur Arion banki þó mikilvægt að benda á að enn eru talsverðir vankantar á þeim gjaldstofni sem á að endurspegla auðlindarentu í sjávarútvegi og veiðigjaldið er jafnframt reiknað af.

Útreikningur á veiðigjaldstofni - auðlindarentan

Í ljósi umfjöllunar um breyttan viðmiðunarstofn við útreikning á veiðigjaldinu og mikillar hækkunar veiðigjalds er mikilvægt að velja því fyrir sér hvort EBITDA framlegð að fráðreginni reiknaðri árgreiðslu sé réttur mælikvarði á þá auðlindarentu sem skapast í sjávarútvegi.



Hagstofan álítur sem svo að í venjulegu árferði ætti hagnaður reiknaður út frá árgreiðsluaðferð að vera jafn þeim hagnaði sem fæst ef miðað er við bókhaldslegar stærðir. Hins vegar hefur mikill munur að jafnaði verið á reiknaðri árgreiðslu og kostnaði vegna fastafjármuna og fjármagns, og á þetta einna helst við veiðarnar eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan.



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar greiningardeildar Arion banka

*Vaxtakostnaður er reiknaður út frá langtímaskuldum í sjávarútvegi. Hlutfall veiða og vinnslu í skuldum er ekki uppgæfið í tölum Hagstofunnar, en hér er farin sú leið að skipta skuldunum upp á milli veiða og vinnslu út frá því hvernig afskriftir skiptast. Dæmi: Afskriftir í vinnslu voru um 30% af heildarafskriftum í sjávarútvegi 1997, því er g.r.f. að 30% af langtímaskuldum sjávarútvegs séu skuldir vegna vinnslu.

Árgreiðslan

Í stað afskrifta og vaxta af fastafjármunum reiknar Hagstofan svokallaða árgreiðslu. Þar er fastafjármunum gefinn ákveðinn endingartími og miðað við að það fjármagn sem bundið er í rekstri ávaxti sig með ákveðinni prósentu. Þar með ber eigið fé og lánsfé ákveðna vexti, og er reiknað með 8% ávöxtun stofnfjár í veiðum og 10% í vinnslu samkvæmt frumvarpi um veiðigjöld.

Bankinn gerir athugasemdir við að fest sé í lög tiltekin prósentuviðmið um ávöxtun á stofnfé í veiðum og vinnslu og telur eðlilegt að það sé breytilegt eftir t.d. breytingum um vaxtakostnað.

Heildarverðmæti fastafjármuna (óafskrifað) í fiskvinnslu er fundið út frá gjaldfærðum afskriftum skv. skattalögum. Í veiðunum er árgreiðslan hins vegar reiknuð út frá váttryggingaverðmæti skipa. Hagstofan hefur fram að þessu miðað við að 90% af váttryggingaverðmæti afskrifist á 12 árum. Samkvæmt framlögðu frumvarpi um veiðigjöld er lagt til að 20% sé bætt við váttryggingaverðmæti til að taka tillit til búnaðar og tækja við veiðarnar. Aftur á móti er verðmæti fasteigna og annarra rekstrarfjármuna miðað við bókfærð verð án afskrifta.



Svokölluð annuitet jafna tekur tillit til endingartímans og gefinnar árgreiðsluprósentu á eftirfarandi máta:

$$\text{Árgreiðsla} = \text{Stofn} * \frac{\text{Árgreiðsluprósentu}}{1 - \frac{1}{(1 + \text{Árgreiðsluprósentu})^{\text{Endingartími}}}}$$

Dæmi um útreikning í veiðunum væri því:

$$\begin{aligned} \text{Árgreiðsla í veiðum} &= (\text{Vátryggingarverðmæti skipa} * 1,2) * \frac{8\%}{1 - \frac{1}{1,08^{12}}} \\ &= 13,3\% \end{aligned}$$

Árgreiðsla í veiðum annars vegar og vinnslu hins vegar, sem er þá frádráttarbær frá EBIDTA í veiðum og vinnslu, er því reiknuð út á eftirfarandi máta:

Veiðar	Vinnsla
Vátryggingarverðmæti skipa	
* 1,2	Bókfært virði (óafskr.) fasteigna & annarra rekstrarfjárm.
= Stofn fyrir veiðar	= Stofn fyrir vinnslu
* <u>13,3% (Annuitet: 8% árgr., 12 ár)</u>	* <u>14,7% (Annuitet: 10% árgr., 12 ár)</u>
= mat á afskriftum + vaxtakostnaði	= mat á afskriftum + vaxtakostnaði
= árgreiðsla í veiðum	= árgreiðsla í vinnslu

Færa má rök fyrir því að skynsamlegt sé að taka tillit til vátryggingarverðmæti skipa þegar taka á tillit til afskrifta í fiskveiðum, þar sem bókfærðar afskriftir í efnahagsreikningum sjávarútvegsfyrirtækja gefa ekki endilega rétta mynd af virði þess skipakosts sem er í eigu útgerðar. Ef skip er endurbætt endurspeglar vátryggingarverðmæti þess mun betur það sem lagt hefur verið í skip í formi endurbóta og gefur betri mynd af raunvirði.

Hins vegar er varhugavert að ætla að með því að reikna fasta prósentu af vátryggingarverðmæti skipanna fáist eðlileg mynd af bæði kostnaði vegna fastafjármuna, þ.e. afskrifta, og fjármagns. Réttara væri að skipta þessum frádráttarbæru þáttum í tvennt þannig að mögulegt sé að gera greinarmun á því hversu stórum hluta frádráttarins frá veiðigjaldstofninum sé ætlað afskriftum og hversu stórum hluta vaxtakostnaði. Þar að auki væri eðlilegra að gera ráð fyrir að sú fjárhæð sem endurspeglar vaxtakostnað geti verið breytileg eftir markaðsaðstæðum. Með því að setja þessa tvo þætti saman í einn frádráttarbæran stofn, þ.e. árgreiðsluna, er dregið úr gagnsæi gjaldstofnsins.

Hugsanlega væri eðlilegra að reikna fleiri en einn frádráttarbæran stofn, þar sem gerður er greinarmunur á hlut afskrifta annars vegar og vaxtakostnaðar hins vegar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þá mætti t.a.m. hugsa sér að föst prósentu væri reiknuð af vátryggingarverðmæti skipa sem endurspeglar hlut afskrifta, en síðan



önnur breytileg prósentá sem endurspeglar vaxtakostnað. Slík prósentá gæti fylgt þeim breytingum sem verða á vaxtaumhverfinu ár frá ári og ætti ekki að vera flóknari í útreikningum en núverandi útreikningar á árgreiðslunni gera ráð fyrir. Sama myndi þá eiga við útreikning á frádráttarbærum liðum í fiskvinnslunni. Við útreikning á árgreiðslunni í fiskvinnslunni er þó miðað við bókfært verð án afskrifta, sem er ekki eðlilegt mat á verðmæti rekstrarfjármuna í vinnslunni að mati bankans af sömu ástæðum og váttryggingarverðmætið er metið betra viðmið í fiskveiðunum.

Núverandi aðferð við að meta afskriftir og fjármagnskostnað í sjávarútvegi er byggð á úreltum forsendum sem nauðsynlegt er að endurskoða. Fram að þessu hefur árgreiðslan sem Hagstofan reiknar ekki verið notuð til að meta gjaldstofn í sjávarútvegi þar sem áður fyrr var einvörðungu miðað við EBITDA framlegð í sjávarútvegi þegar veiðigjaldið var reiknað. Þar sem árgreiðsluna á nú að nota til að meta auðlindarentu er nauðsynlegt að líta gagnrýnum augum á uppbyggingu stærðarinnar.

Óefnislegar eignir

Bankinn vill einnig vekja athygli á því að afskriftir óefnislegra eigna, þ.e. keyþra aflaheimilda, eru ekki frádráttarbærar frá veiðigjaldstofninum, ólíkt afskriftum fastafjármuna. Í þessu samhengi ber að nefna að stór hluti þeirra einstaklinga sem fjárfestu í aflaheimildum eru nýliðar í sjávarútvegi í þeim skilningi að þetta eru minni og/eða meðalstór fyrirtæki sem komust yfir aflaheimildirnar á síðasta áratug þegar verð á heimildum var hvað hæst. Þessir aðilar eru margir hverjir því viðkvæmastir fyrir gjaldtökunni þar sem þeir tóku lán fyrir kaupunum á sínum tíma og þurfa einnig að standa undir vaxtakostnaði sem og afborgunum af lánum vegna fjárfestinga í kvóta. Arion banki beinir því til Alþingis að endurskoða þá forsendu að leyfa ekki frádrátt afskrifta vegna óefnislegra eigna frá EBITDA framlegð, þegar veiðigjaldstofninn er reiknaður út.

Auðlindarenta í fiskvinnslu

Þá telur bankinn það vera óskýrt í frumvarpinu hvort, og þá hvernig, gjaldstofninn fyrir fiskvinnslurnar tekur tillit til afla sem er veiddur utan íslenskrar lögsögu og landað er í íslenskum vinnslum. Ef ekki er tekið tillit til þess að hluti aflans sem landað er í innlendar vinnslur er erlendur gæti það haft veruleg áhrif á hvata fyrirtækja til að flytja aflann til vinnslu hérlendis. Nauðsynlegt er að skýra betur út hvort tekið sé tillit til erlends og innlends afla þegar gjaldstofninn er reiknaður út í fiskvinnslunni og þá með hvaða hætti slíkt er gert.

Í því samhengi tekur Arion banki undir þau sjónarmið sem velt hefur verið upp um hver sé eðlileg arðsemi í fiskvinnslu og bendir á að taka verði tillit til þeirrar spurningar hvort sú arðsemi sem skapst í vinnslu sé í raun auðlindarenta ef vinnslurnar kaupa hráefnið eins og hvert annað framleiðslufyrirtæki og skapa síðan enn meira verðmæti úr vörunni.



Upphæð veiðigjaldsins


Arion banki telur vart tímabært að taka afstöðu til upphæðar veiðigjaldsins fyrr en sátt hefur náðst um útreikninginn á veiðigjaldstofninum og telur rétt að vekja athygli á þeim vanköntum sem eru á forsendum um útreikning á veiðigjaldstofni.

Þó er ekki hægt að horfa fram hjá því að með tillagðri hækkun gjaldsins er ljóst að gjaldtaka í greininni mun aukast talsvert frá því sem áður var og þar af leiðandi munu tekjur ríkissjóðs aukast samhliða. Í ljósi umræðunnar sem hefur átt sér stað varðandi næmni stofnsins telur bankinn mikilvægt að benda á hið mikla flökt sem getur orðið í tekjum sjávarútvegsins milli ára bæði sökum aflabrests og markaðsaðstæðna. Í frumvarpi um veiðigjaldið er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsfyrirtæki greiði alltaf fast gjald til að standa straum af kostnaði við fiskveiðistjórnunarkerfið. Hinn hluti gjaldsins, sem er háður arðsemi greinarinnar, myndi þá falla niður þau ár þegar tap er í greininni. Ljóst er að þau ár þar sem rentan er engin í sjávarútvegi, hvort sem það á við greinina í heild sinni eða einvörðungu við botnfiskveiðar eða uppsjávarveiðar, munu fyrirtæki þurfa að greiða meira en 70% gjald.

Bent hefur verið á að í löndum þar sem renta er skattlögð er jafnan tekið tillit til þessa með því að leyfa frádátt neikvæðrar rentu síðasta árs frá rentu núverandi árs. Þá er einnig ljóst að sökum þess hve næmt gjaldið er fyrir arðsemi í sjávarútvegi liggur fyrir að talsverðar sveiflur verða á þeim tekjum sem ríkissjóður hlýtur af gjaldinu sem gerir áætlanagerð, svo sem fjárlög, erfiðari viðureignar. Í því samhengi gæti verið eðlilegra að miða við þriggja (eða fleiri) ára hlaupandi meðaltal veiðigjaldsins þar sem neikvæð renta eins árs myndi þá hafa áhrif á jákvæða rentu þess næsta. Þá myndi gjald hvers árs miðast við meðaltal síðustu þriggja ára og þar af leiðandi yrði tekjustreymi til ríkisins fyrirsjáanlegra milli ára sem og gjaldtaka hvers og eins fyrirtækis. Þar með yrði auðveldara fyrir alla aðila að sjá fyrir hver upphæð gjaldsins yrði á ári hverju auk þess sem dregið yrði verulega úr sveiflum bæði í tekjum og gjaldtöku milli ára.

Hvar gætir áhrifanna þyngst?

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja er að öllu jöfnu notaður í afborganir af skuldum og fjárfestingar og því liggur fyrir að ef lítið er eftir af hagnaði verður erfitt fyrir fyrirtæki að standa við skuldbindingar sínar ef stór hluti arðsemi fyrirtækjanna fer í greiðslu á veiðigjaldi. Ljóst er að þau fyrirtæki sem eru mikið skuldsett lenda í mestum erfiðleikum. Útreikningar sýna að minni og meðalstór fyrirtæki eru talsvert skuldsettari að meðaltali en þau sem stærri eru. Ef ársreikningar 8 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna fyrir árið 2009 eru skoðaðir kemur t.a.m. í ljós að þrátt fyrir að vera handhafar um 50% fiskveiðikvótans bera þau aðeins ábyrgð á þriðjungi skulda geirans í heild. Ef tekið er mið af skuldsetningu á hvert þorskígildistonn þá má segja að skuldsetning minni útgerða samsvari tvöfaldri skuldsetningu þeirra stærri.



*Úthlutun aflaheimilda miðast við upphafsúthlutun í byrjun fiskveiðisárs

Heimild: Ársreikningar fyrirtækja, Hagstofa Íslands, Fiskistofa & Greiningardeild Arion banka

Á mynd hér fyrir ofan sést að útgerðir aðrar en þær átta stærstu, skulda að meðaltali meira á hvort þorskígildistonn en þær stærri og eykst munurinn þegar líður á áratuginn. Skuldir sjávarútvegisins jukust um rúmlega 70% milli árana 2007 og 2008, í krónum talið, en skuldir 8 stærstu fyrirtækjanna aðeins um 35%. Meðalstórar og minni útgerðir hafa því hlutfallslega tekið á sig talsvert meira högg í kjölfar hrunsins. Þar kann að hafa áhrif að þessar útgerðir voru margar hverjar með meira af lánum í öðrum myntum en evru (t.d. yenum og svissneskum frönkum) en stærri aðilar í greininni. Veiking krónu gagnvart þessum myntum var umtalsvert meiri á árinu 2008 en gagnvart evru og því hækkuðu skuldir aðila sem skuldsettir eru í þeirri mynt því hlutfallslega meira en annarra.

Þar að auki minnkuðu aflaheimildir 8 stærstu fyrirtækjanna um 5% milli 2007 og 2008 og má leiða líkur að því að minni útgerðirnar hafi þurft að auka við skuldsetningu sína til að komast yfir þær heimildir. Þessi fyrirtæki hafa því verið aðþrengd í einhvern tíma, en mikil skuldsetning margra sjávarútvegsfyrirtækja hefur áhrif á framlag þeirra til fjármunamyndunar, þar sem lítið svigrúm verður til fjárfestinga eftir að tekið hefur verið tillit til afborgana af skuldum. Þá benda gögn til þess að fyrirtæki sem standa betur fjárhagslega hafi staðið undir stórum hluta fjárfestinga greinarinnar að undanförunu. Fjárfestingarþörf skuldsettari fyrirtækja er því vafalaust talsverð.

Að framan hefur verið bent á þá vankanta sem snúa að forsendum og útreikningum á stofni til veiðgjalds. Gangi þær forsendur eftir, er það álit Arion banka að veiðgjald skv. 16. gr. frumvarpsins, upp á 60% af reiknaðri auðlindarentu sé of hátt og lítið svigrúm sé gefið til aðlögunar þar sem gjaldið hækkar úr 60% í 70% á aðeins 3 árum. Bankinn telur að heppilegra hefði verið að byrja á mun lægri skattprósentu og endurskoða álagninguna að ákveðnum tíma liðnum. Þannig væri gefið svigrúm til næstu ára til fjárfestinga í tækjum og skipastóli sem setið hefur á hakanum á



undanförnum árum. Eins og gjaldið er kynnt í frumvarpinu er svigrúm til fjárfestinga skert umtalsvert sem líklegt er að muni leiða til þess að nauðsynleg endurnýjun á fiskiskipaflotanum verði erfið.

Takmarkað svigrúm til fjárfestinga er til þess fallið að draga verulega úr samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og stuðla að óhagkvæmri útgerð fiskiskipa og óarðbærum rekstri í sjávarútvegi. Undanfarin ár hefur orðið jákvæð þróun hvað stærð fiskiskipaflotans varðar, skipum hefur fækkað verulega, þau hafa orðið stærri og aflmeiri og veiðigeta þeirra vaxið auk þess sem þau hafa orðið hagkvæmari í rekstri. Hins vegar hefur orðið neikvæð þróun í þá átt að skipastóllinn verður stöðugt eldri og er nú með hæsta meðalaldur síðastliðinna 20 ára.

III. Áhrif á efnahagsreikning bankans

Í efnahagsreikningi Arion banka er áhætta bankans af sjávarútvegi innan íslenskrar lögsögu um 72 milljarðar króna.

Fjárhagsleg áhrif af þessum tveimur frumvörpum á Arion banka munu endurspeglast annars vegar í neikvæðum áhrifum á greiðslugetu sjávarútvegsfélaga vegna mikilla hækkunnar veiðigjalds og hins vegar vegna hugsanlegrar virðisrýrnunar aflaheimilda. Það er mat bankans að hækkun veiðigjalds muni koma sérstaklega niður á skuldsettari félögum. Hækkun veiðigjalds á skuldsettari félög mun að öllum líkindum leiða til þess að taka þurfi félögin til fjárhagslegrar endurskoðunar, sum þá í annað sinn. Um 37% af lánum Arion Banka til sjávarútvegsfélaga gætu því hugsanlega þurft að fara í gegnum fjárhagslega endurskipurlagningu. Þrátt fyrir að bankinn meti ofangreind lán varfærið má telja mjög líklegt að bankinn muni bera af þeim fjárhagslegt tjón, verði frumvarp um veiðigjöld samþykkt í óbreyttri mynd.

F.h. Arion banka hf.

Höskuldur H. Ólafsson

bankastjóri